

Viðauki - óendurskoðaður

Stjórnarháttayfirlýsing

Íslandshótel leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og taka stjórnarhættir félagsins mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum um ársreikninga nr. 3/2006, og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa) sem finna má á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Félagið fylgir framangreindum leiðbeiningum, en vísar frá þeim að því leyti að tilnefningarnefnd félagsins er skipuð tveimur stjórnarmönnum sem hvorki eru óháðir félaginu né hluthöfum þess og gildir skipun núverandi nefndarmanna fram að fyrsta aðalfundi félagsins eftir skráningu. Þá hefur félagið gert samkomulag við stjórnarformann um sérverkefni sem tengjast fjárfestingarverkefnum og uppbyggingu fasteigna félagsins.

Félagið er með skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands og fylgir þeim reglum sem gilda um skráð félög, auk þeirra ákvæða sem fram koma í samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og undirnefnda, sem hægt er að nálgast á vefsíðu félagsins www.islandshotel.is

Um Íslandshótel

Íslandshótel hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Tilgangur félagsins er hótél- og veitingarekstur, fasteignarekstur og önnur skyld starfsemi.

Íslandshótel hf. hóf hótélrekstur með opnun Hótel Reykjavíkur árið 1992. Í dag rekur Íslandshótel 18 hótél um allt land. Íslandshótel er nafn rekstrarfélagsins en hótelin sjálf eru rekin undir merkjum: Hótél Reykjavík Grand, Hótél Reykjavík Centrum, Hótél Reykjavík Saga og Fosshótel.

Íslandshótel hf. eiga sjö dótturfélög og eru stjórnir þeirra ábyrgar fyrir rekstri dótturfélaganna. Í stjórnnum dótturféлага eru þrír stjórnarmenn sem jafnframt eiga sæti í stjórn Íslandshótela.

Samskipti við hluthafa

Samskipti hluthafa og stjórnar fara fram á hluthafafundum. Félagið birtir markaðinum þær tilkynningar sem því ber, m.a. ársuppgjör og árshlutauppgjör.

Stjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirmælum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarmenn gæta trúnaðar í störfum sínum og veita hluthöfum ekki upplýsingar um félagið nema slíkt sé kynnt á vettvangi stjórnar.

Stjórn Íslandshótela

Hlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að rekstur þess og starfsemi sé í samræmi við lög, samþykktir og stefnu félagsins. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir um rekstur félagsins, hefur eftirlit með að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti. Stefnt skal að því að stjórnin beri með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu og að kynjahlutföll séu sem jöfnust.

Í stjórn eiga sæti þrír karlar og tvær konur, þannig að kynjahlutfall 60% karlar og 40% konur í samræmi við ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnnum hlutaféлага. Stjórnarmenn hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífinu á sviði rekstrar, stjórnunar og ráðgjafar.

Viðauki - óendurskoðaður

Stjórnarháttayfirlýsing frh.

Stjórn Íslandshótela frh.

Stjórn og hluthafar hafa skipað þrjár undirnefndir, endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd. Starfskjara- og tilnefningarnefnd hafa nýlega tekið til starfa. Í endurskoðunar-nefnd eru þrír nefndarmenn kjörnir af stjórn. Tveir nefndarmanna koma úr röðum stjórnarmanna félagsins en sá þriðji utanaðkomandi aðili með fagþekkingu sem löggiltur endurskoðandi. Starfskjaranefnd er skipuð þremur aðilum úr stjórn, tveimur óháðum félaginu auk stjórnarformanns. Nánari upplýsingar um nefndarmenn og starfsemi undirnefnda stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins www.islandshotel.is

Stjórnarfundir eru skipulagðir fyrirfram fyrir komandi starfsár. Stjórnarmenn fá fundargögn stjórnarfunda a.m.k. tveimur dögum fyrir boðaðan stjórnarfund. Frá aðalfundi 2023 voru haldnir 11 stjórnarfundir og 6 aukafundir. Allir stjórnarmenn tóku þátt á stjórnar- og aukafundum tímabilsins, utan tveggja aukafunda þar sem formaður var ekki viðstaddur. Mánaðarlegt rekstraryfirlit er lagt fyrir á hverjum stjórnarfundum ásamt öðrum málum samkvæmt starfsskrá. Í endurskoðunarnefnd voru haldnir 6 fundir og einn nefndarmaður var fjarverandi einn fund.

Stjórn metur störf sín, verklag og starfshætti, frammistöðu forstjóra og stjórnarformanns, þróun félagsins, óhæði stjórnarmanna og skilvirkni starfa stjórnar og undirnefnda á hverju ári í aðdraganda aðalfundar.

Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins. Þeim til viðbótar hefur stjórn sett sér starfsreglur þar sem kemur fram ábyrgð stjórnarmanna, meginhlutverk stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundum þann 16. desember 2022.

Í stjórn Íslandshótela eru fimm stjórnarmenn, allir kosnir á aðalfundi félagsins. Þau eru Ólafur D. Torfason, stjórnarformaður, Margit Robertet, Arnar Þór Másson, Eiríkur S. Svavarsson og Sigríður Olgeirsdóttir. Þrír stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess eins og það er skilgreint í lið 2.3 í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Forstjóri

Davíð Torfi Ólafsson er forstjóri félagsins. Forstjóri skal annast daglegan rekstur félagsins, hann skal annast fjárreiður, halda bókhald í samræmi við lög og reglur, taka saman yfirlit um rekstur og fjárhagsstöðu og leggja fram á stjórnarfundum. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafanna sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn. Einnig skal forstjóri sjá um gerð árlegra rekstrar- og fjárhagsáætlana fyrir félagið og leggja fyrir stjórn til samþykktar, eigi síðar en á síðasta stjórnarfundum hvers árs.

Viðauki - óendurskoðaður

Stjórnarháttayfirlýsing frh.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn félagsins samþykkti þann 3. júlí 2023 uppfærða áhættustefnu fyrir Íslandshótel og dótturfélög. Markmið með áhættustefnunni er að greina og meta áhættur félagsins auk þess að leggja fram viðbragðsáætlun um hvenær og hvernig bregðast skulu við þeim atburðum og tilvikum sem upp kunna að koma.

Stjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að félagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið félagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Stjórn, í samráði við endurskoðunarnefnd (og eftir atvikum ytri endurskoðenda), skal árlega framkvæma úttekt á innra eftirliti og áhættustýringu félagsins og grípa til aðgerða til að bæta úr annmörkum ef þörf krefur.

Stefnur og aðrar upplýsingar

Félagið hefur sett sér eftirfarandi stefnur og reglur; áhættustefnu, starfskjarastefnu, persónuverndarstefnu, sjálfbærnistefnu, jafnréttisstefnu og jafnlaunastefnu, jafnréttis- og aðgerðaráætlun, stefnu og viðbragðsáætlun vegna einelti, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldi, starfs- og síðareglur og verklagsreglur um uppljóstrun starfsfólks á lögbroti eða ámælisverðra háttsemi.

Ekki hefur verið úrskurðað um nein brot félagsins á lögum og reglum af viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilum.